

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við heilbrigðisbrautir á bls. 146-153 bætist ný námsbraut:

Félagsliðabraut (FL)

81 ein.

Meginmarkmið náms á félagsliðabraut er að nemendur hafi að námi loknu öðlast undirstöðuþekkingu og færni til að veita sérhæfða þjónustu í formi aðstoðar og umönnunar einstaklinga á öllum aldri sem vegna félagslegra aðstæðna, líkamlegrar eða andlegrar hömlunar, eiga erfitt um vik að sjá um sig sjálfir. Meðalnámstími er tvö ár, 3 annir í skóla og 16 vikna starfsþjálfun á þjónustustofnun.

Almennar greinar

12 ein.

Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Erlend mál	DAN/ENS 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201	3 ein.

Sérgreinar

49 ein.

Aðstoð og umönnun	ASU 104	4 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Félagsleg virkni	FÉV 102	2 ein.
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	FJF 103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Hjálpartæki	HJÁ 101	1 ein.
Hússtjórn og matreiðsla	HÚS 103	3 ein.
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein.
Lyfjafræði félagsliða	LYF 113	3 ein.
Næringarfræði	NÆR 102	2 ein.
Sálfræði	SÁL 123 303	6 ein.
Samskipti	SAM 112	2 ein.
Siðfræði	SIÐ 122	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Umsjón og öryggi	UMÖ 101	1 ein.
Uppeldisfræði	UPP 122	2 ein.
Viðbrögð við áföllum og sorg	VÁS 102	2 ein.
Vinna og vinnumarkaður	VVM 101	1 ein.

Val 7 einingar. Nemendur geta valið eða tekið hvort tveggja:

Öldrunarferli	ÖLD 105	5 ein.
Samfélagsþjónusta aldraðra	SFA 102	2 ein.
<i>eða</i>		
Fötlun	FTL 103	3 ein.
Fötlun og samfélag	FOS 104	4 ein.

Starfsþjálfun

16 ein.

Starfsþjálfun í 16 vikur

Viðmiðun um mat á óformlegu námi og starfsreynslu á félagsliðabraut.

1. Einstaklingar sem orðnir eru 22 ára og hafa að baki a.m.k. 3 ára starfsreynslu, og starfa enn við heimaþjónustu eða við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra og hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga eða annarra aðila eiga þess kost að fá metið nám og starfsreynslu sem hluta af námi á félagsliðabraut og fá þannig stytta námstíma á brautinni, ef þeir hafa hug á að ljúka fullgildu námi.
2. Nám sem kemur til greina við mat skv. lið 1 er hvers kyns starfstengt nám á vegum stéttarfélaga, sveitarfélaga og Námsflokka Reykjavíkur sem hefur að markmiði að auka kunnáttu og færni viðkomandi til starfa við heimaþjónustu eða við umönnun aldraðra, sjúkra eða fatlaðra. Nám af því tagi sem hér um ræðir og er að umfangi á bilinu 230-260 stundir skal teljast jafngilda 17 einingum af sérgreinum félagsliðabrautar og styttra nám hlutfallslega í samræmi við það.
3. Starfsreynsla í umönnunarstörfum er einnig metin sem hluti af náminu. Formlegt nám við framhaldsskóla er metið í samræmi við ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla þar að lútandi. Annað nám, sem ekki er metið til styttingar á námskeiðum stéttarfélaga, skal að hámarki vera metið sem 7 einingar af sérgreinum félagsliðabrautar.
4. Þeir sem óska eftir mati samkvæmt ofansögðu skulu að lágmarki ljúka 32 eininga sér-greinanámi félagsliðabrautar, svo framarlega sem þeir hafi ekki lokið námi í tilgreindum áföngum áður. Sérgreinarnar eru þessar:

Aðstoð og umönnun	ASU 104	4 ein.
Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Félagsleg virkni	FÉV 102	2 ein.
Fjölskyldan og félagsleg þjónusta	FJF 103	3 ein.
Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein.
Lyfjafræði fyrir félagsliða	LYF 113	3 ein.
Næringarfræði	NÆR 103	3 ein.
Sálfræði	SÁL 103	3 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.

Val

7 ein.

Öldrun eða fötlun	ÖLD SFA/FTL FOS	7 ein.
-------------------	-----------------	--------

Samtals

32 ein.

Framangreind viðmið um mat á óformlegu námi og starfsreynslu nær einungis til sérgreina félagsliðabrautar.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 10. apríl 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Örlygur Geirsson.